

Hafnarfjörður

Sigríður Kristinsdóttir, Sviðsstjóri

Erindi: Strandgata 4.

Við rekstraraðilar Bæjarbíós í Hafnarfirði óskum eftir að taka á leigu hluta af fyrstu hæð Strandgötu 4 þ.e.s. ca 80 fm og opna á milli Bæjarbíós og Strandgötu 4. Þetta verður mjög til hagsbóta fyrir Bæjarbíó því sett verða upp salerni og lítið eldhús sem munu þá uppfylla skilyrði byggingafulltrúa og stækkar anddyri Bæjarbíós til muna. Það sem helst hefur staðið rekstrinum fyrir þrifum og hægt er að tala um að vanti upp á grunnþarfir í menningarhúsi sem þessu er að salerni eru allt of fá og langar biðraðir myndast í hléi. Við breytingarnar munu þessu vandræði verða úr sögunni. Með því er líka orðið raunhæft að bæta við þeim 26 sætum sem gert er ráð fyrir afast í salnum og erum við þá komin í 281 sæti. Það þýðir að Bæjarbíó er jafnstórt og Salurinn í Kópavogi.

Teikningar liggja fyrir og hefur verið kynnt fyrir bæjarstjóra Hafnarfjarðar. Sigurður Haraldsson hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu hefur umsjón með þessum framkvæmdum sem hefjast á allra næstu dögum.

Samkvæmt tilboði sem rekstraraðilar Bæjarbíós sendu inn vegna auglýstu útboð á leigu á Strandgötu 4 þá er tilboðsverðið í húsaleigu 600-800 kr á fm. Við tökum við húsnæðinu nánast tilbúnu undir tréverk og þurfum að leggja í mikinn kostnað varðandi innréttingar og fleira. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting Bæjarbíós sé frá upphafi í stóra salnum, anddyri og nú í rými Strandgötu 4 nær 20 milljónir króna. Rekstraraðilar Bæjarbíós erum tilbúnir að hækka tilboðsverðið um 50% eða að greiða 1.050 kr pr fm. Húsnæðið sem við leigjum er ca. 60 fm. þar sem um 20 fm fara í salerni. Í ljósi mikillar fjárfestingar rekstraraðila, eins og rakið er að ofan er brýnt að leigusamningur við Hafnarfjarðarbæ verði í réttu hlutfalli við það. Við óskum því eftir að fá 6 ára leigusamning á Strandgötu 4 með möguleika að semja um 6 ár í viðbót sé þess

óskað af hálfu rekstraraðila og óskum einnig eftir framlengingu á samningi, óbreyttum um Strandgötu 6 með sama hætti hvað tímalengd varðar.

Virðingarfyllt

f.h. rekstraraðila Bæjarbíós

Páll Eyjólfsson

Pétur Ó. Stephensen